

IPS - úttekt

Einstaklingsmiðaður stuðningur við starfsleit (Individual Placement and Support)

Teymi árangurs- og gæðamats
Nóvember 2022



IPS

➤ IPS (individual placement and support) hugmyndafræði var innleidd hjá Reykjavíkurborg í febrúar 2019.

➤ **Grundvallaratriði IPS hugmyndafræðinnar eru eftirfarandi:**

- Allir sem vilja og hafa vinnuvilja geta tekið þátt í IPS.
- Stefnt er að því að notendur fari í samkeppnishæfa vinnu á atvinnumarkaði.
- Atvinnuleit er hraðvirk.
- Einstaklingar fá stuðning við bæði atvinnuleit og eins fyrstu mánuðina í vinnu. Þessi stuðningur er bæði veittur af atvinnuráðgjafa og af þverfaglegu teymi IPS.
- Borin er virðing fyrir vilja og vali hvers einstaklings og unnin er áhugamiðuð einstaklingsvinna.
- Atvinnuráðgjafi byggir upp samband og góða samvinnu við fyrirtæki/stofnanir og atvinnuveitendur.

➤ Fjöldi ráðninga frá upphafi er 80, en sami einstaklingur getur farið í 2 eða fleiri störf, þ.e. hætt eða afþakkað starf oft en einu sinni.

➤ **Tilurð og markmið úttektar**

Fyrir lá að taka út IPS verkefnið eftir tveggja ára reynslutíma. Markmið úttektar var að læra af reynslu og bæta árangur úrræðisins í samræmi við Velferðarstefnu Reykjavíkurborgar.

Framkvæmd úttektar

1 Snertingaskjal

Snertingaskjal fyrir tímabilið 1. janúar til 1. júlí 2022 var rýnt og unnin úr því samantekt um fjölda snertinga ráðgjafa við notendur, fyrirtæki og aðra sem koma að úrræðinu.

2 Viðtal við IPS ráðgjafa

Viðtal við IPS ráðgjafa fór fram á skrifstofu Virknihúss í Borgartúni 6. Viðtalið fór fram í september 2022. Markmið viðtals við ráðgjafa var að fá nánari upplýsingar um IPS ráðgjöfina.

3 Könnun um IPS á meðal virkniráðgjafa á miðstöðvum

Könnun var send á alla ráðgjafa í virkniráðgjöf á miðstöðvum Reykjavíkurborgar sumarið 2022.

Markmið hennar var að skoða hvernig þjónusta IPS ráðgjafa væri að nýtast notendum og hver þeirra upplifun væri af IPS úrræðinu. Könnunin var send á 41 ráðgjafa. 22 svöruðu könnuninni sem gerir 54% svarhlutfall.

4 Könnun meðal notenda IPS




Þjónustukönnun var send á notendur sem eru eða hafa verið í þjónustu hjá IPS ráðgjöfum Reykjavíkurborgar. Markmið hennar var að skoða hvernig þjónusta IPS ráðgjafa væri/hefði nýst þeim.

Alls var úrtakið 64 fyrrum eða núverandi notendur IPS þjónustunnar. 55 notendur fengu senda rafræna könnun í tölvupósti en hringt var í 9 notendur. Þátttakendur gátu valið um að svara könnuninni á íslensku eða ensku.

Með fyrirlagningu í síma var hægt að fylgja ákveðnum spurningum betur eftir með því að spyrja svarandann betur og ítarlegar að ákveðnum þáttum.

Af þeim 55 fyrrum og núverandi notendum IPS þjónustunnar svöruðu 24 notendur könnuninni rafrænt. Ef taldir eru með þeir 9 sem svöruðu símakönnuninni var svarhlutfallið 52%.

Bakgrunnsupplýsingar um IPS notendur*




*Notendur tímabilið 1.janúar til 1. júlí 2022

IPS snertingar

82 einstaklingar voru skráðir hjá IPS ráðgjöf yfir tímabilið 1. janúar til 1. júlí 2022


- Samtals höfðu ráðgjafar 1335 snertingar við þá einstaklinga
- Einstaklingar voru með allt frá 1 til 78 snertingar
- Meðalfjöldi hvers einstaklings var 17 snertingar (*staðalfrávik*= 15)

Hvernig snerting?*




*Snerting er skráð á báða boga, þ.e. þegar notandi hefur samband eða þegar ráðgjafi hefur samband við notanda.


Fjöldi snertinga í mánuði



Við hvern?




Meðalfjöldi snertinga á hverju aldursbili




*Samkvæmt IPS ráðgjöfunum er ástæðan fyrir því að fjöldi snertinga í yngsta aldursflokknum er yfir meðaltali fyrst og fremst sú að fáir einstaklingar í þeim hópi hafa þurft á mikilli eftirfylgd og stuðning að halda.

Meðalfjöldi snertinga eftir atvinnustöðu




**Meðalfjöldi snertinga hjá einstaklingum sem eru komnir í starf númer tvö er hærri en hjá öðrum. Það helgast fyrst og fremst af því, samkvæmt IPS ráðgjöfunum, að samskipti vegna þess að hafa verið í tveimur störfum eru meiri en hjá öðrum sem eru í atvinnuleit eða í sínu fyrsta starfi.

Meðalfjöldi snertinga eftir kyni




Meðalfjöldi snertinga eftir ríkisfangi



Niðurstöður úr könnun á meðal ráðgjafa á miðstöð

Rafræn könnunin var send með tölvupósti á 41 ráðgjafa og svöruðu 22 könnuninni
sem gerir **54% svarhlutfall**.

Hlutfall ráðgjafa sem voru mjög eða frekar sammála eftirfarandi fullyrðingum



Er eitthvað jákvætt sem þú vilt koma á framfæri er varðar þjónustu IPS?



"Notandi hjá mér lýsti yfir ánægju sinni með úrræðið".

"Þetta er mjög gott úrræði sem veitir ákveðnum einstaklingum þjónustu sem þeir hafa ekki haft kost á áður".

"Hefur nýst mínu fólki mjög vel, ráðgjafarnir boðnir og búnir til að veita fólki góða þjónustu".

"Skilningsríkt viðhorf til notenda án allra fordóma".

"Frábær, einstaklingsmiðuð og gengur skrefinu lengra. Ómissandi viðbót".

"IPS er mjög mikilvægt og þarft úrræði".

"IPS er kraftaverka úrræði sem hefur gert mikið af virkilega góðum hlutum og hjálpað þeim sem þurft hafa stuðning í atvinnu".

"Góð upplýsingagjöf, gott viðmót ráðgjafa og þokkalega gengur að koma einstaklingum út í vinnu".



Er eitthvað sem betur má fara er varðar þjónustu IPS?



"Það mætti vera styttri biðtími og hraðari vinnsla".

"Biðtíminn mætti vera mun styttri, stuðningurinn meiri og væri mjög gott að geta notað þetta líka til að aðstoða fólk við að komast í sumarvinnu".



"Það mætti vera betri kynning á þessu og aðgengilegri upplýsingar um hvernig starfsemin virkar. Ég fékk notendur sem eru nú þegar skráðir í úrræðið en veit ekkert við hverja ég á að tala eða hvar ég finn upplýsingar um framvindu hjá þessum einstaklingum".

"Væri gott að fá að vita hvað sé löng bið eftir viðtali hjá IPS ráðgjafa".





Niðurstöður úr rafrænni könnun og símaviðtala á meðal fyrrum og núverandi notendum IPS ráðgjafar

64 notendum var boðið að taka þátt, af þeim voru 33 sem svöruðu (svarhlutfall 52%)




Hlutfall notenda sem voru mjög eða frekar sammála eftirfarandi fullyrðingum





svarenda sögðust ekki vera í starfi þegar þeir svöruðu könnuninni



svarenda sögðust vera í starfi í þegar þeir svöruðu könnuninni

Eftirfarandi spurningum svöruðu eingöngu þeir þátttakendur sem sögðust ekki vera í starfi

Hlutfall notenda sem voru mjög eða frekar sammála eftirfarandi fullyrðingum




Eftirfarandi spurningu svöruðu eingöngu þeir þátttakendur sem sögðust vera í starfi

Hlutfall notenda sem voru mjög eða frekar sammála eftirfarandi fullyrðingu



Hefur andleg líðan þín breyst eftir að þú byrjaðir í IPS ráðgjöf?



”


„[Það] hjálpar að vera á leiðinni að fara vinnu. En svo var margt annað að spila inn í sem var að gerast á sama tíma sem hafði áhrif á andlega líðan.“

„[Það er] minna stress að finna vinnu þegar maður hefur einhvern til að hjálpa sér og einhvern sem skilur hvað ég er að ganga í gegnum. [Ég fæ] hjálp við að skilja vinnuumhverfið.“

„[Ég er] aðeins jákvæðari“.

”

Hefur virkni (sem dæmi félagsleg virkni) þín breyst eftir að þú byrjaðir í IPS ráðgjöf?



”

„[Ég] var búinn að loka mig af vegna andlegra veikinda. [IPS]ráðgjafinn hefur samband og ég bókaði tíma með honum. Það kom mér af stað aftur að gera hluti út á við. Það að þau skildu ekki afskrifa mig hjálpaði mér helling“.

„[Ég] fer í Tinnu prógramið, ég fer í ræktina daglega og er að kynnast fólki“.

„[Ég er] byrjaður að vinna, virkari. Hjálpaði mjög mikið að fá stuðning á þessum tíma frá þeim“.

”

Dæmi um það sem mætti betur fara í IPS ráðgjöf

”

„Mætti vera reglubundið hvenær maður hittir ráðgjafana. Myndi henta mér ágætlega. Væri ágætt að hafa rútínuna“.

„[Ráðgjafinn] einblíndi á eldhússtörf því ég var vön því. Fannst sem [IPS ráðgjafinn] hlustaði ekki á mig en ég vildi gjarnan prufa eitthvað annað. [IPS ráðgjafinn] vildi að ég kæmi með hugmyndir“.

„Annar ráðgjafinn minn hlustaði ekkert á mig“.

”

”

„Byggja upp betra tengslanet við mismunandi vinnuveitendur“.

„Fjölbreyttari atvinnurekendur“.

„Betri samskipti, betri upplýsingar um vinnumarkaðinn og upplýsa mig betur um hvernig ég á að athafna mig á vinnumarkaðnum“.

„Eftir þessa reynslu er ég ekki með neitt sjálfstraust og mér finnst það erfitt að ég geti ekki átt samtál við einhvern sérfræðing sem er hlutlaus“.

”

Nokkur dæmi um það sem notendur sögðu vera vel gert í IPS ráðgjöf

”

„Fannst [IPS ráðgjafarnir] vera með góða nærveru. Sýna nærgætni og gefa rými fyrir erfiða persónulega stöðu í lífinu“.

„Fyrsti ráðgjafinn minn var æði. Hann hlustaði og var almennilegur“.

„Var bara ótrúlega hlýlegt og opið umhverfi. Hugað er að einstaklingum og prógrammið sniðið að þörfum“.

„Jákvæð og góð samskipti og frábær ráðgjafi sem ég er með.“

„Ráðgjafarnir mínir hafa verið frábærir. Fagfólk.“

„Það er hlustað á mann og borin virðing fyrir því sem maður ákveður.“

”

”

„[IPS ráðgjafarnir] birtast sem hjálpartæki sem maður fær á tilfinningunni að maður eigi að notfæra sér eins og maður getur. Þessa hjálp snýst um mann sjálfan“.

„Hlustað á mig. Virkilega unnið að því að koma mér í atvinnu í þeim flokki sem hentaði. Mikil þrautseigja og við náðum að vinna vel saman. Mjög ánægður með allan stuðninginn sem ég fékk“.

„Þeir hlusta á mig og hjálpa mér að finna starf sem mér langar í“.

”



Teymi árangurs- og gæðamats
Velferðarsviði
Höfðatorg, Borgartún 12-14
105 Reykjavík